

**Sameiginlegur fundur samráðshóps stjórnar FORMA og stjórnar nemendafélagsins Hugins annars vegar og nýrrar stjórnar Hugins hins vegar haldinn 9. júní kl. 16:00.**

**Fyrir hönd FORMA sátu fundinn: Jón Stefán Baldursson, Ester Stefánsdóttir og Ragnheiður Halldórsdóttir.**

**Fyrir hönd nemendafélagsins: Ný stjórn félagsins ásamt Gunnari Torfa Steinarssyni og Snjólaugu Heimisdóttur úr fráfarandi stjórn.**

1. Farið yfir hugmyndir um málþing sem ætlunin er að halda um miðjan október næstkomandi. Rætt um að þar verði jákvæðni höfð að leiðarljósi í vali á umfjöllunarefnum. Fulltrúar nemenda töldu að fræðsla um fjármál væri mikilvæg. Endanleg dagsetning og fyrirlesarar á málþinginu þurfa að liggja fyrir í byrjun september.
2. Rætt um mikilvægi þess að stjórn FORMA og stjórn Hugins verði meira samstíga í að hafa áhrif á fjölmiðlaumfjöllun með því að senda inn fréttatilkynningar. Í haust þarf til dæmis að senda út sameiginlega fréttatilkynningum frá stjórnunum um nánara samstarf þeirra og áherslur í því samstarfi.
3. Samningur – Yfirlýsing. Umræða um samning sem gerður hefur verið við stjórn Hugins undanfarin ár vegna samskipta við nýnema á fyrstu mánuðum hvers skólaárs. Nýrri stjórn Hugins hugnast betur að skrifað verði undir sameiginlega yfirlýsingu í upphafi skólaársins þar sem tíundaðar verði áherslur og viðmiðanir varðandi samskipti við ólögráða nemendur skólans. Ekki verði sett tímamörk varðandi einstök efnisatriði yfirlýsingarinnar eins og verið hefur í samningum síðustu ára heldu muni yfirlýsing ná til alls skólaársins. Stjórn FORMA tók að sér að koma með drög að yfirlýsingunni til stjórnar Hugins í byrjun september.
4. Umræða um samskipti böðla og nýnema í framhaldi af busavígslu hvers árs. Fulltrúar FORMA lögðu áherslu á að böðlar væru settir á hópa en ekki einstaklinga. Þá væri æskilegt að böðlaskipulagið gildi aðeins á meðan á busavígslunni stendur en væri ekki eitthvað sem væri í gangi allt skólaárið. Ný stjórn Hugins tók vel í að skoða breytingar á fyrirkomulaginu varðandi böðlana.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Baldursson